

Athugasemdir við  
*Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns*

- 1) Heiti reglugerðarinnar ætti e.t.v. fremur að vera „Reglugerð um rekstur og starfsemi héraðsskjalasafns“ í ljósi innihalds hennar
- 2) Í 3. gr. 2. tl. er tilgreint að héraðsskjalasafn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Á Akureyri hefur það ekki tíðkast en reksturinn verði hluti af rekstri A-hluta bæjarsjóðs en önnur aðildarsveitarfélög í Eyjafirði greiða árlega hlut í rekstrinum skv. Reikningi. Safnið er rekið á sér gjaldalið og þannig er hægur vandi að gera grein fyrir öllum tekjum og öllum gjöldum. Þetta hefur þá augljósu kosti að safnið nýtur fullrar þjónustu stoðdeilda Akureyrabæjar í starfsmannámálum, bókhaldi, húsnæðis- og tæknimálum.

Ekki er ljóst hvort ákvæðið hefði áhrif á þetta fyrirkomulag en Akureyrarbær sér ekki ástæðu til að breyta því enda hefur það engin neikvæð áhrif á faglegt starf safnsins nema síður sé.

- 3) Í 3. gr. 4. tl. a) og b) er ákvæði um leyfi frá heilbrigðiseftirliti og eldvarnareftirliti sem skila á til Þjóðskjalasafns sé þess óskað.

Ekki verður séð að ástæða sé til að hafa þetta ákvæði inni. Heilbrigðiseftirlit og eldvarnareftirlit hafa það faglega og formlega hlutverk að sjá til þess að stofnanir hafi tilskilin leyfi og stöðva starfsemi séu þau ekki til staðar. Óþarfi virðist að blanda Þjóðskjalasafni inn í það hlutverk.

- 4) Í 3. gr. 4. tl. c) og í 8. tl. er kveðið á um móttöku rafrænna gagna. Tæknileg útfærsla á móttöku þeirra er enn óútfærð og því með öllu óvíst hvaða skuldbinding felst í ákvæðunum.

Þar með er með öllu óljóst hvaða kostnaður mun fylgja móttöku rafrænna gagna. Ljóst er að þetta er það atriði í reglugerðinni sem mun hafa mestan kostnað í för með sér fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri og þar með er útilokað fyrir sveitarfélögin sem að því standa að áætla hvaða kostnað innleiðing hennar mun hafa í för með sér.

- 5) Í 6. gr. er fjallað um afturköllun rekstrarleyfis og mögulegan flutning á gögnum héraðsskjalasafns til Þjóðskjalasafns komi til þess að héraðsskjalasafn „falli í vanhirðu“.

Ekki er ljóst af ákvæðinu hvað það að „falla í vanhirðu“ felur nákvæmlega í sér. Hér þarf einnig að spyrja hvort ákvæði í reglugerð dugi til þess að Þjóðskjalasafn geti skilyrðislaust látið eigendur safnsins greiða kostnað við flutning á safnkosti. Hér væri eðlilegra að tilgreina að Þjóðskjalasafn og eigendur semji um kostnað við flutning. Hér er einnig spurning um eignarhald, þ.e. eignir sveitarfélags fluttar til ríkis.

- 6) Í 7. gr. er þess getið að héraðsskjalasafn skuli njóta styrks úr ríkissjóði skv. ákvörðun ráðherra.

Athygli vekur hvað þetta ákvæði er innihaldslítið m.v. hvaða skyldur reglugerðinni er ætlað að leggja á héraðsskjalasöfnin. Eðlilegt væri að getið væri um að styrkur ríkissjóðs skuli taka mið af þeim skyldum sem lagðar eru á herðar safnanna, að getið sé um rétt safnanna á móti

skyldum. Einnig er lagt til að til bráðabirgða verði þess getið að styrkir til héraðsskjalasafnanna verði hækkaðir á meðan á aðlögun að nýrri reglugerð stendur.

- 7) Í 9. gr. er kveðið á um að söfn megi starfrækja án rekstrarleyfis í 3 ár eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Hér er lagt til að þau héraðsskjalasöfn sem nú þegar starfa eftir staðfestum samþykktum teljist hafa gild rekstrarleyfi eftir gildistöku reglugerðarinnar en að innan þriggja ára beri þjóðskjalasafni að ganga úr skugga um að önnur skilyrði sem getið verði um í endanlegri 3. gr. reglugerðarinnar hafi verið uppfyllt.

Almennt má segja um reglugerðina að hún sé ítarleg um þær skyldur sem héraðsskjalasöfnum beri að uppfylla en sé ósljós um réttindi sem þeim ber í formi styrkja úr ríkissjóði og þjónustu og aðstoðar að hálfu þjóðskjalasafns. Úr því þarf að bæta.

Jafnframt má benda á að hvergi er hnykkt á mikilvægi héraðsskjalasafna fyrir faglega skjalavörslu á heimaslóð né heldur mikilvægi þeirra sem menningarstofnana sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í varðveislu og miðlun sögu og þekkingar á viðkomandi landssvæðum. Úr því þarf einnig að bæta.